





BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR FOSSVOGSBLETT 2 OG 2A, LEIKSKÓLALÓÐ



Gildandi deiliskipulag frá febrúar 2024, mkv 1:2.000.



Breyting á deiliskipulagi í júní 2025, mkv 1:2.000.

Grelnageró

Gerð er óveruleg breyting á gildandi Deiliskipulag leikskólalóðar (Ævintýraborgir) á Fossvogsbletti 2-2A sem samþykkt var 29.06.2024. Breytingin nær til lóðar Fossvogsbletts 2-2A þar sem reitur fyrir tímabundinn leikskóla er tekinn út og afmörkun byggingarreitar breytt fyrir nýjan 150 barna leikskóla.

Deiliskipulag

Aðkoma

Bætt er við möguleika á göngutengingu á göngustíga í Fossvogi til suðurs eða austurs.

Bíla og hjólastæði

Ekki er gerð breyting á fjölda bílastæð en á lóðinni verður áfram gert ráð fyrir allt að 32 bílastæðum og þar af verða 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og stæði vegna vörumóttöku. Af þessum 32 bílastæðum er gert ráð fyrir 9 hleðslustæðum og þar af 3 við bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir allt að 50 hjólastæðum þar af 33 í læstri yfirbyggðri geymslu. Leyfð verða hjólastæði og vagnageymslur innan lóðarmarka. Afmörkun bílastæðis er breytt lítillega í samræmi við hverfisvernd gróðurs.

Ruslageymslur

Skilgreint er sorpgerði fyrir ruslageymslur en þær skulu vera staðsettar innan byggingarreita B1 og B2.

Framtíðar byggingarreitur - Byggingarreitur leikskóla

Afmörkun framtíðarbyggingarreita er breytt. Skilmálum fyrir B1 fyrir nýjan leikskóla er einnig breytt en skilmálar fyrir B2 reitur fyrir hjóla-, vagna og útigeymslur haldast óbreyttir.

Í GILDANDI SKIPULAGI SEGIR

Á byggingarreit B1 er hámarksstærð byggingar er 2400 m². Byggingin má vera 1–2 hæðir. GK neðri hæðar 19,8 GK efri hæðar 23,3. Þakgerð byggingarinnar er ekki bundið neinum kvöðum. Þakhalli frjáls.

B2 er aðeins gert ráð fyrir hjóla-, vagna og útigeymslu.

EFTIRBREYTINGU

Á byggingarreit B1 er hámarksstærð byggingar er 2400 m². Byggingin skal vera á 1 hæðir. GK verður 19,2. Þakgerð byggingarinnar er ekki bundið neinum kvöðum. Þakhalli frjáls.

B2 er aðeins gert ráð fyrir hjóla-, vagna og útigeymslu

Tímabundinn byggingarreitur Ævintýraborgar

Tímabundinn byggingarreitur Ævintýraborgar er felldur út.


Hverfisvernd

Innan deiliskipulagsreitsins er bætt við einu grenitré í hverfisvernd gróðurs og afmörkun bílastæði er lagfærð í samræmi við það.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif vegna deiliskipulagsbreytingar þessarar eru talin óveruleg. Breytingin felur í sér að reitur fyrir tímabundinn leikskóla er felldur út. Afmörkun byggingarreitar fyrir framtíðarleikskóla er breytt, GK lækkaður fyrir bygginguna og aðeins 1 hæð leyfð.

Hvað annað varðar en fram hefur komið hér gilda skilmálar gildandi deiliskipulags og fyrri breytinga.



Hluti af Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skýringar

- Afmörkun skipulagssvæðis/mörk breytingar
- Framtíðar byggingarreitur
- Tímabundin byggingarreitur
- Byggingar sem verða fjarlægðar
- Lóðarmörk
- Núverandi lóðarmörk
- Stofnstigur gangandi
- Stofnstigur hjólandi
- Aðrir stigar
- Hleðslustæði (til skýringar)
- Staðsetning leiðbeinandi Stæði fyrir hreyfihamlaða (til skýringar)
- Kvöð um regnbeð með gróðri (staðsetning leiðbeinandi)
- Sorpgerði
- Hverfisvernd gróðurs
- Kvöð um gróður meðfram Fossvogsvegur
- Gróður - afmörkun gróðursvæða er sýnt til skýringar og er ekki bindandi

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr.


sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

I/á _____
þann _____ 2025.

Tillagan var grenndarkynnt frá _____ 2025
með athugasemdafresti til _____ 2025 .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2025.

BR. DAGS. BREYTING REKRN. TEKRN.



FOSSVOGSBLETTUR - DEILISKIPULAG
BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR LEIKSKÓLALÓÐ

DEILISKIPULAG	SKIPULAG: AEK_MÖ_JSP TEKNAÐMÖ_JSP SAMÞYKKT KT. KÓPAVOGUR	DAGS. 27.06.2025
KVARNI 1: 2000 - A2 VERKNR.	TEKRN. NR.	BR.
0000-DS2201	D-01	.

Baldvin Þór Bergsson

Umsögn birt **28.08.2025**

Í samstarfsyfirlýsingu þeirra flokka sem skipa meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur segir m.a.: Gönguleiðir barna í hverfum og hjólaleiðir verða bættar til að auka öryggi barna og hjólréiðafólks í umferðinni. Áætlun um gönguvæna borg verður sett í framkvæmd.

Það hlýtur því að skjóta skökku við að ekkert tillit virðist tekið til þeirra athugasemda sem komu fram við gerð deiliskipulags fyrir umræddan reit þar sem íbúar hverfisins lýstu áhyggjum af aukinni umferð á sama tíma og börn ganga og hjóla í skólann. Niðurstaða skrifstofu samgangna og borgarhönnunar var að aukin umferð væri ekki meiri en gengur og gerist í götu í borg og því ekki ástæða til að hafa áhyggjur af henni. Í ljósi stefnu borgaryfirvalda hlýtur þetta að teljast einkennileg niðurstaða þegar eina leið barna, sem búsett eru á götum nálægt umræddum leikskóla, yfir á hjólastíg að Fossogsskóla og í Víkina, er yfir Fossvogssveg. Ekkert tillit virðist tekið til þessara athugasemda eða tilraunir gerðar til að svara íbúum varðandi öryggi barna. Einnig er tekið fram í niðurstöðu skrifstofunnar að hún áformi að fylgjast grannt með þróun bílaumferðar um Fossvogssveg og gera ráðstafanir ef þurfa þykir. Við hvað er átt? Það hlýtur að vera grundvallaratriði að greina íbúum frá því hvað þurfi til að umferð fari yfir mörk og til hvaða ráðstafana verði þá gripið.

Athygli skal vakin á því að í engum umsögnum er því mótmælt að leikskóli sé byggður á umræddum reiti. Hann hefur verið til lítillar þrýði og í ljósi stöðunnar í leikskólamálum er skiljanlegt að að lóðin sé nýtt undir slíka starfsemi. En 150 barna leikskóli, einn sá stærsti í Reykjavík, með tilheyrandi umferð og raski er ekki í samræmi við yfirbragð hverfisins.

Loks skal því mótmælt að Reykjavíkurborg virðist ganga eins skammt og hún kemst upp með þegar kemur að því að upplýsa íbúa í hverfinu um fyrirhugaðar breytingar. Ákvæði í skipulagslögum um grenndarkynningu eru þannig túlkuð þröngt og íbúar sem sannarlega verða fyrir raski ekki látnir vita af yfirstandandi breytingum. Það er engum tíl sóma og ekki í takti við yfirlýsingar um samráð og vandaða stjórnsýslu.

Baldvin Þór Bergsson og Helga Margrét Skúladóttir
Kjarrvegi 7

Eva Bryndís Helgadóttir

Umsögn birt **27.08.2025**

Hinn fyrirhugaði leikskóli er alltof stór í þessu umhverfi og mun væntanlega eiga að sinna börnum sem búa í fjarlægð frá leikskólanum. Eðli máls samkvæmt eykur það umferð ofan í dalinn, þar sem er að jafnaði lítil umferð. Hlýtur það að teljast í ósamræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar um nærpjónustu í hverfunum. Hinn fyrirhugaði leikskóli er umtalsvert stærri en flestir aðrir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu. Yrði þetta því stærsti leikskóli landsins ofan í dal og ekki er að sjá að greining á umferðaraukningu ofan í dalinn hafi átt sér stað og miðað við þær aðstæður sem þar eru. Um er að ræða nánast einbreiða götu, Fossvogsveg, sem er samt tvístefnugata. Þar er almennt frekar lítil umferð enda eiga nánast eingöngu íbúar þangað erindi. Börn eru þarna að leik og þarna leynast umferðarhættur. Ekið var á son minn á þessum vegi þegar hann var fimm ára gamall og sem betur fer hlaut hann ekki varanlegan skaða af því þrátt fyrir höfuðkúpubrot og blæðingu á heila. Get ég þannig vottað um það á eigin skinni að umferð um Fossvogsveg þolir illa meiri umferð en þarna er nú þegar enda á hverfið að vera barnvænt og öruggt. Ég tel fulla þörf á því að nákvæm og ítarleg greining fari fram á fjölda barna á leikskólaaldri í nærumhverfi leikskólans fari fram og hver umferðaraukningin verður og hvort aðstæður þoli það. Ég leyfi mér að fullyrða það að aðstæður leyfa ekki leikskóla af þessari stærðargráðu á þessum stað. Þá hefði ég haldið að áhyggjur okkar sem búa þarna og þekkja hverfið best og á eigin skinni ætti að vera aðvörunar rödd sem ætti að hlýða á, fremur en útreikningsmódel þeirra sem ekki þekkja svæðið eins og íbúar þess.

Þá má velta upp þeirri spurningu hvernig það má vera að flestir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu séu fyrir 60-80 börn en þarna standi til að gera leikskóla fyrir 150 börn. Það hlýtur að búa að baki ákvörðun um stærð flestra leikskóla einhver greining á því af hverju flestir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu séu talsvert minni en þessi og af hverju þau rök eigi ekki við um þennan tiltekna leikskóla sem fyrirhugað er að reisa í botni dalsins. Er eðlilegt að svara þeirri spurningu áður en farið er af stað með svona stóra ákvörðun þvert á áhyggjur nærumhverfisins, sem eru umtalsverðar. Enda hef ég rætt við marga nágranna mína sem eru sömu skoðunar og hafa af þessu miklar áhyggjur.

2

Guðleif Fríður Sigurjónsdóttir

Umsögn birt **28.08.2025**

Við höfum lesið umsagnir Kristinns Kristinssonar, Evu Bryndísar Helgadóttur, Ingibjargar Drafnar Friðriksdóttur og Olgu Dobrorodnaya og tökum heilshugar undir áhyggjur þeirra varðandi stærð og umfang leikskólans og þann umferðarpunga sem mun fylgja starfseminni. Fossvogsvegurinn var ekki hannaður fyrir svo mikla umferð og er ljóst að mikil vandræði og hættu munu hljóta af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru.

Guðleif Fríður Sigurjónsdóttir

Ólafur Ólafsson

Guðrún Matthildur Benediktsdóttir

Umsögn birt **28.08.2025**

Þetta er með verri staðsetningum í borginni fyrir stærsta leikskóla landsins. Þetta eru ekki bara 150 foreldrar sem eru að skutla börnunum sínum á leið í vinnu og að sækja seinnipart dags svo aftur, heldur má gera ráð fyrir ekki undir 60 starfsmönnum á að cirka sem mæta að morgni og fara síðdegis á bílunum sínum. Á teikningunni kemur fram reiðhjólasterði, en hverjir munu nota þau? Eru foreldrar að hjóla með börnin sín aftan á hjólunum eða við hliðina á 5 ára barni sínu og síðan upp allan dalinn á leið sinni til vinnu? Og það á þessum fáu greiðfæru mánuðum ársins? Nei, það er ekki pláss á Fossvogsvogi fyrir þau, hvað þá með mörg hundruð bíla umferð sem er beint þarna niður. Þegar þessi tillaga var sett fram, var þá vitað að það var verið að opna nýtt hjúkrunarheimili á Sléttuvegi, rétt hjá okkur, gegnt Borgarspítalanum? Hjúkrunarheimilið fær til sín starfsmenn að morgni sem fara aftur síðdegis ásamt gestkomandi. Einnig eru matarflutningar oft yfir daginn ásamt sjúkrapjálfun, heilsurækt og annarri þjónustu. Þetta bættist ofan á umferðina sem var þá þegar of mikil vegna starfsmanna, fólks á leið í rannsóknir og gestkomandi á Borgarspítalanum.

Undanfarin tvö ár hefur orðið veruleg aukning á mengun við híbýli okkar við Fossvogsvog, bæði vegna fyrrnefndu aukinnar umferðar og einnig vegna þessarar óralöngu framkvæmda við byggingu löngu raðhúsalengjunnar. Stanslaus umferð af gröfum, völturum, vörubílum, steypubílum o.s.frv. hafa valdið gríðarlegu ónæði fyrir íbúa þessa hverfis 6 daga vikunnar, byrjað fyrir klukkan 8 á morgnana og oft unnið til klukkan 18 og stundum fram á kvöld. Þungabílaumferð hefur öll þessi ár verið beint niður Eyrarlandið og inn allan Fossvogsvog framhjá heimilum okkar. Það er nefnilega of mikil umferð á götunum og gatnamótum við spítalann og hjúkrunarheimilið.

Að þessu sögðu þá tek ég heilshugar undir athugasemdir nágranna okkar. Fólkið sem býr hérna í hverfinu eru þeir aðilar sem vita þetta best.

Virðingarfyllst, Guðrún Matthildur Benediktsdóttir, Klifvegi 1.

Hildur Friðriksdóttir

Umsögn birt **28.08.2025**

Undrun má sæta að hluti íbúa á svæðinu sé undanskilinn upplýsingum og rétti til athugasemda, sem sannarlega snertir þá líkt og alla sem búa í mikilli nálægð og hafa aðkomu að eigin heimili um Fossvogsveg.

Fjölgun íbúa á svæðinu vegna nýbyggingar 15 íbúða (án gestastæða) við Fossvogsveg mun hafa í för með sér talsvert aukið álag á umferð. Fyrirhugaðar framkvæmdir risa-leikskóla myndu leiða af sér umferðaröngþveiti sem færi yfir öll þolmörk í þröngum aðstæðum. Viðbúið er að starfsfólk og foreldrar 150 barna komi að stærstum hluta akandi til og frá skólanum. Óviðunandi hætta myndast við slíkar aðstæður. Aðgengi reitsins er aðþrengt og ekki í beinum tengslum við komandi Borgarlínu. Þá er ótalin sú gríðarlega umbreyting á hljóðvist í hverfinu sem áætlaður leikskóli myndi hafa í för með sér.

Umfang 2400 fm byggingar er fráleitt í takt við umhverfið, það jafngildir u.þ.b. 24 x grunnfleti húsanna sem standa við veginn á móti.

Svæðið ber engan veginn slíka innrás í öllum skilningi.

Ágangur á grænu svæðin hér í nágrenninu hefur gengið býsna langt. Er græna planið farið fyrir bí?

Ég vil koma á framfæri áhyggjum mínum af stærð þessa leikskóla og þeirri auknu umferð sem honum mun fylgja.

Það kemur fram í fundargerðum að þessum leikskóla er meðal annars ætlað að hýsa börn frá öðrum leikskólum í nágrenninu þegar farið verður í stórar endurbætur á þeim. Það eykur umferð í nágrenni leikskólans þar sem mun meiri líkur á að börnum úr öðrum hverfum verði skutlað og sótt í leikskólann á bíl. Hefðbundnir leikskólar í borginni eru fyrir 60-70 börn og ég geri ráð fyrir að ástæða sé fyrir því að leikskólar séu almennt af þeirri stærð. Leikskóli sem gerir ráð fyrir 150 börnum verður stærsti leikskóli Reykjavíkur og er um tvöfalt stærri en flestir leikskólar borgarinnar. Eðlilegra væri gera ráð fyrir litlum hverfisleikskóla á Fossvogsblettum 2 og 2a sem sinnir nærumhverfinu þar sem unnt er að ganga og hjóla með börnum í leikskólann og finna nýja staðsetningu fyrir leikskóla með þann tilgang að hýsa börn frá öðrum leikskólum í borginni á meðan framkvæmdir standa yfir. Farsælla væri að finna staðsetningu meira miðsvæðis sem þolir meiri bílaumferð heldur en að staðsetja þannig leikskóla í hverfi þar sem lítil umferð er og fáir koma nema eiga erindi þangað.

Aukin umferð um Fossvogsveg hefur aukna hættu í för með sér fyrir börn sem búa á Markarvegi, Kjarrvegi og Klifvegi. Börn þurfa að fara yfir veginn á leið sinni í skólann á svipuðum tíma og mögulega 100-200 bílar bætast við umferð á Fossvogsvegi. Fossvogsvegur þolir illa aukna umferð því hann er nánast einbreiður á köflum þar sem bílum er lagt við Fossvogsveg vegna skorts á bílastæðum við nýjar byggingar á Lautarvegi. Þetta getur skapað slysagildir.

Starfsemin er að mínu mati of umfangsmikil miðað við bílastæðafjölda og aðkomu að lóðinni. Bílastæði eru of fá þar sem gert er ráð fyrir 29 almennum bílastæðum við leikskólann. Sá fjöldi bílastæða mun ekki einu sinni nægja fyrir fjölda starfsmanna fyrir leikskóla af þessari stærðargráðu og þá vantar bílastæði fyrir þá foreldra sem koma á bíl með börnin sín og að sækja þau. Ef það verður skortur á bílastæðum við leikskólann þá mun enn fleiri bílum vera lagt við Fossvogsvegin sem skapar hættu í umferðinni.

Leikskólinn er að mínu mati of stór í þessu umhverfi, heimilað byggingarmagn á lóðinni of mikið þannig að ósamræmi er við nærliggjandi byggð og er í engu samræmi við byggðamynstur.

Ég hef einnig áhyggjur af því að gatnatengingar í hverfinu munu mögulega ekki ráða við álagstoppa. Ekki hefur farið fram greining á umferð, fjölda bíla eða álagi í nágrenninu. Skrifstofa samgangna áformar að fylgjast með þróun bílaumferðar við Fossvogsveg og gera ráðstafanir eftir á ef þurfa þykir. Þar sem breyta á deiliskipulagi úr tímabundnum leikskóla í framtíðarbyggingarreit þarf að gera nauðsynlegar greiningar áður en bygging leikskólans hefst og einnig að gera ráðstafanir til auka öryggi barna sem þurfa að fara yfir Fossvogssveg, t.d. með hraðahindrunum, áður en leikskólinn opnar.

Það gefur augaleið að það þurfi að greina umferðina sem leikskólanum fylgir og hvort það sé eðlilegt og sanngjarnt að íbúar eigi að þurfa að fá gjörbreytta umferðarmenningu í sitt hverfi sem hefur áhrif á öryggi barna sem þar búa.

Ingibjörg Dröfn Friðriksdóttir

Íbúi við Markarveg 4

Óhannes Albert Sævarsson

Umsögn birt **28.08.2025**

Fossvogsblettur 2-2a, nr. 1061/2025.

Nú hefur verið auglýst breyting á fyrra deiliskipulagi og enn er látið sem sú tillaga komi þeim íbúum einum við hvers hús snúa út að Fossvogsvegi. Hugmynd um 150 barna leikskóla á lóðum við Fossvogsbletti 2-2a varðar beint alla þá sem hér búa við Markarveg, Kjarrveg, Klifveg og Fossvogsveg í Reykjavík.

Aðgengi og umferðarmál eru líklegast stærsta áhyggjuefnið. 150 börn sem lang flest kæma með bíl og yrðu sótt í bíl, það gera hátt í 600 viðbótarbílförir á dag inn í og út úr hverfinu, fram og til baka, að því gefnu að öllum börnum verði ekið og aðeins eitt barn verði í hverjum bíl, (150 börnum ekið í leikskóla með bíl inn í hverfið og bílnum ekið aftur út úr hverfinu, þ.e. $150 \text{ börn} \times 2 \text{ ferðir}$, og sömu börn sótt með bíl og ekið heim, 150×2 , = 600 ferðir).

Þar að auki bílförir starfsfólks, 35-40 manns, 70-80 ferðir á dag m.v. einn stími í bíl. Hætt er við að hér skapist öngþveiti á og við Fossvogsveg á morgnana og í eftirmiðdaginn þegar sótt verður. Deiliskipulagið gerið ekki ráð fyrir hringakstri á lóð leikskólans, aðeins 29 almennum bílastæðum sem munu vart duga fyrir starfsmenn.

Hvar munu foreldrar leggja á meðan skotist verður inn með börnin þegar engin eru laus bílastæðin á lóð leikskólans? Að sjálfsögðu á Fossvogsvegi sem þannig mun teppast á virkum morgnum og síðdegis. Börnin fara ekki sjálf úr sínum barnabílstólum og ganga inn í leikskóla eða koma hlaupandi út í bílinn þegar þau eru sótt. Það þarf að leggja hverjum bíl sérstaklega til að skila og sækja hvert og eitt barn og bílastæðin 29 rúma ekki þann fjölda bíla foreldra 150 barna sem deiliskipulagstillagan vill beina inn á Fossvogsveg.

Vissulega er þessar tvær lóðir, Fossvogsblettur 2 og 2a, eftirsóknarverðar, en í guðanna bænum ekki spilla þeim sjarma sem staðsetningin hefur með umferðarhnútum og bílakraðaki, þá fer glansinn af hugmyndinni og verulegs þirringis fljótt að gæta. Það mun enginn sætta sig við viðvarandi ófremdarástand eins og hér stefnir í.

Minnið heldur skólann í sátt við íbúa hverfisins þannig að hlutirnir geti gengið átakalítið fyrir sig til framtíðar. Byrjið með leikskóla smærri í sniðum 50-60 börn, sjáið til hvernig það muni ganga í sátt við umhverfið.

Mér er kunnugt um fleiri íbúa hér í kring sem stendur ekki á sama, ekki vegna leikskólans heldur stærðar hans, og vísa ég til þeirra athugasemda og minna fyrri aths. sem skipulagið hefur fram að þessu látið sem vind um eyru þjóta.

Jóhannes Albert Sævarsson
Kjarrvegi 11
Reykjavík

Kristinn Kristinsson

Markarvegur 1

108 Reykjavík

28. ágúst 2025

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

105 Reykjavíks

Til þess er málið varðar.

Ég vil með þessu bréfi koma fram miklum áhyggjum varðandi mál nr.1061/2025, breytingartillögu á deiliskipulagi þar sem er fyrirhuguð bygging leikskóla fyrir 150 börn á Fossvogsblettum 2 og 2a. Umfram allt snúa athugasemdirnar að þeirri stórauðinni umferð bíla um Fossvogsveg sem skólanum mun fylgja. En áður en lengra er haldið geri ég mjög alvarlega athugasemd við framkvæmd kynningar þessarar breytingu. Ég vísa hér til umsagnar skipulagsfulltrúa frá 28. september 2023, þar sem skipulagsfulltrúi áréttaði að það væri rétt að deiliskipulag um leikskóla á Fossvogsblettum 2 og 2a varði alla lóðarhafa sem hafa aðkomu frá Fossvogsvegi, og skulu allir íbúar við Markarveg, Kjarrveg og Klifveg fá tilkynningu um þessa breytingu og fá tækifæri til að gera við hana athugasemdir. Vænti ég þess að slíkt verður gert, og frestur til umsagnar lengdur til að leiðrétta fyrir þessi mistök.

Nú mun ég lýsa áhyggjum mínum er varðar aukinni umferð bíla um Fossvogsveg. Börnin sem búa á Markarvegi, Kjarrvegi og Klifvegi fara veginn á leið sinni hvort sem er niður í Fossvogsdal eða á leið sinni til skóla. Til að komast frá þessum götum yfir á gangstéttina sunnanmegin Fossvogsvegar þurfa börnin að fara hálfblint út á og yfir Fossvogsvegin, þar sem engin gangstétt er hvort sem er meðfram íbúðargötunum eða norðanmegin Fossvogsvegar. Þeir sem búa í hverfinu vita það að þarna koma börn hjólandi og gangandi og taka tillit til þess. En slíkt mun ekki eiga við þau líklega um hundrað foreldra sem koma með börn sín þar á bíl á morgnana. Það felst því gríðarleg áhætta í þessum áformum fyrir börnin í hverfinu.

Það að það séu engar gangstéttir norðan Fossvogsvegar eða innan hverfisins sýnir það að það var aldrei gert ráð fyrir svona mikilli umferð í gegnum hverfið. Ég sting því upp á tveimur sáttaleiðum í þessu máli. Fyrsta tillaga væri að leikskólinn væri hafður miklu minni, t.d. fyrir um 50-60 börn, á stærð við aðra leikskóla í hverfinu svo sem Kvistaborg. Þetta myndi stórminnka áhrif aukinnar umferðar á öryggi barna í hverfinu. Hér vísa ég einnig í umsögn skipulagsfulltrúa frá 28. september 2023, þar stærð skólans er rökstutt á þann veginn að hann muni þurfa að taka við nemendum úr öðrum leikskólum hverfisins þar sem framkvæmdir voru á þeim tímapunkti yfirvofandi. Þar var væntanlega verið að vísa til leikskólans Kvistaborgar, þar sem framkvæmdir

eru nú hafnar, en nemendur þess skóla hafa fengið til yfirráða húsnæði sem Fossvogsskóli notaði á meðan framkvæmdir stóðu yfir þar en þurfa ekki lengur á að halda. Þessi þörf er því ekki lengur til staðar, og má ætla að stærð skólans á Fossvogsblettum 2 og 2a geti þá verið minni.

Önnur tillaga væri að gerðar væru miklar breytingar á gatnamótum Fossvogsvegur og íbúðargatnanna til að draga úr umferðarhraða. Svo sem með að gera stórar upphækkanir þvert yfir Fossvogsveg á öllum svæðunum þar sem íbúðargötturnar mæta Fossvogsvegi, líkt því sem er nú þegar þar sem Fossvogsvegur og Háaleitisbraut mætast, og svo málaðar línur á upphækkanirnar svo að það sé skýrt að um sé að ræða svæði þar sem börn eiga leið um. Slíkt myndi gera utanaðkomandi það skiljanlegt að þessi svæði séu ekki einkasvæði bíla, heldur séu þar líka hjólandi og gangandi vegfarendur sem þarf að taka tillit til, og sérstök þörf sé á því að keyra varlega og veita umhverfinu athygli sína þegar þar er ekið.

Það væri með öllu óviðunandi að 150 barna leikskóla væri komið fyrir þar sem þessi deiluskipulagsbreyting gerir ráð fyrir, beint fyrir framan götu þar börn nauðsynlega þurfa að eiga leið um innan um bílaumferð vegna gangstéttasskorts, án þess að tekið sé nokkuð tillit til þeirra gríðarlegu áhættu sem það skapar, og vona ég að tillögur mínar fái góðar móttökur.

Virðingarfyllst,

Kristinn Kristinsson

Margrét Sturludóttir

Umsögn birt **28.08.2025**

Varðandi fyrirhugaða byggingu á leikskóla fyrir 150 börn á Fossvogsbletti 2 og 2a vil ég lýsa yfir áhyggjum mínum af stærð leikskólans og meðfylgjandi aukinni umferð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi fundargerðum er gert ráð fyrir að leikskólinn muni einnig þjóna börnum úr öðrum hverfum sem óhjákvæmilega eykur umferð til muna um hverfið án þess að greining á áhrifum þess hafi farið fram né hvort það sé yfir höfuð raunhæft að gatnakerfið á þessu svæði geti tekið á móti svona mikilli umferð, svo ekki sé talað um hættuna sem þessi mikla umferð skapar fyrir börn og fótgangandi á svæðinu.

Fossvogsvegur er mjög lítil gata og nánast eingöngu íbúar á svæðinu sem eiga þar leið um. Gatan sjálf er þröng þrátt fyrir að vera tvístefna en einnig er mikið er lagt af bílum í götunni vegna bílastæðaskorts þannig að á köflum nánast einstefnugata. Börn á Markarvegi, Kjarrvegi og Klifvegi sem flest fara í skólann hjólandi þurfa að fara yfir þessa götu til að komast á hjólastíginn. Þar sem ekki er gangstétt til norðurs á götunni er fremur blint fyrir þau að fara út á götuna nú þegar. Ég tel að með aukinni umferð og ökumönnum sem ekki gera sér grein fyrir þessari hættu muni skapast mikil slysagilda fyrir börn og aðra fótgangandi.

Eðlilegra hefði talist að hafa svona stóran leikskóla sem ætlað er að þjóna börnum víðs vegar úr Reykavík þar sem aðgengi bíla er betra en hafa minni hverfisleikskóla á Fossvogsbletti 2 og 2a þar sem raunhæft væri að foreldrar og börn kæmu gangandi eða hjólandi.

Það er eðlileg krafa að við íbúar í hverfinu fáum ítarlega greiningu á áhrifum aukinnar umferðar og hvaða úrbætur borgin ætlar að gera til að tryggja öryggi barna og annarra vegfarenda.

Margrét Sturludóttir, Markarvegi 3.

Marteinn Briem

Umsögn birt **28.08.2025**

Ég ásamt mörgum öðrum íbúum í nærumhverfinu sendum inn mjög sambærilegar athugasemdir og nú berast sumarið 2023 undir erindi merkt USK23050069. Má því kalla þessa grenndarkynningu umferð númer tvö af sama meiði. Í fyrri umferð í júní 2023 sendi borgin einunings bréf á 6 hús við Fossvogsveg og var hávær gagnrýni íbúa á að ekki fengu fleiri upplýsingabréf um tilvonandi breytingar. Nú í sumar er endurtekið sama bréfið á þau örfáu hús sem næst standa. Hvernig stendur á slíkum vinnubrögðum? Við báðum sérstaklega um að fá að fylgjast með?

Bréf þess efnis var sérstaklega lagt fram af borgarfulltrúa á fundi Umhverfis og skipulagsnefndar 5.október þar sem lofað var bótum á samskiptum við nærliggjandi íbúa við Fossvogsblett 2A.

Líkt og kom fram árið 2023 er nærumhverfið hér algjörlega mótfallið stærð 150 barna leikskóla á þessu svæði og við hreinlega trúum því ekki að því verði haldið til streitu í óbreyttri mynd.

Við skiljum vel að leikskóla vanti en þessi staðsetning er ekki hentugasti langtíma möguleikinn fyrir allan þennan fjölda, smærri leikskóli væri vel við hæfi.

Hafa ber í huga að Norður Miðstöð Reykjavíkur verið í miklum mönnunurvanda og leikskólar í þessu hverfi sendu börn sín ítrekað heim síðasta vetur sökum fáliðunar.

Ég tek undir öll önnur rök sem áður hafa komið fram er varða öryggi barna og umferð um Fossvogsveg, Eyrarland og Háaleitisbraut upp aftur á Bústaðaveg fram hjá bráðamóttöku á borgarspítala.

Ég læt einnig fylgja með bréf mitt sent 6. Júní 2023. Undir erindi USK23050069 má finna enn fleiri nöfn íbúa og athugasemdir sem borgarstarfsmenn virðast hafa sópað undir teppið eða gleymt. Lágmark er að vísa til þess sem á undan hefur gengið og verið birt í opinberum fundargerðum.

Við krefjumst áheyrnar,
Virðingarfullst,
Marteinn Briem

Vegna erindis USK23050069

Ævintýraborgir - Fossvogsblettur 2-2A

Í nýju deiliskipulagi sem lagt var fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. maí er gert ráð fyrir að allt að 150 barna leikskóli skuli taka til starfa á lóð merkt Fossvogsblettur 2-2A. Ég, Marteinn Briem og fjölskylda mín búsett að Kjarrvegi 9, viljum koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

1. Við erum mjög ánægð með að uppbygging á leikskóla hafi orðið fyrir valinu. Við sem og margir foreldrar í kringum okkur hafa kallað eftir leikskólalássi lengi innan hverfisins. Skutlið fyrir og eftir vinnu póstnúmera á milli er því vonandi á enda.
2. Við erum mjög ánægð með að lesa um verndun gróður svæðisins en sjáum ekki hvernig það eigi að vera mögulegt þegar koma á 10 deildum og 150 börnum fyrir á svæðinu.
3. Íbúðarhúsin tvö, Fossvogsvegur 2 og 2A hafa verið ljótari með hverju árinu og við fögnum því að borgin stígi þar inn í stöðugt versnandi atburðarás.

Stóru áhyggjur okkar og fyrst og fremst efni þessa bréfs eru áhyggjur yfir stærð leikskólans, sem samkvæmt deiliskipulagi skuli hýsa allt að 150 börn ásamt starfsfólki.

1. Nærumhverfið er ekki þéttbyggt.
2. Nærumhverfið, ca. 1 km radíus, býr ekki yfir mörgum barnafjölskyldum.
3. Staðsetningin er á jaðri hverfisins, ekki í miðju þess.

Af ofantöldu má leiða að umferðin til og frá leikskólanum sé mest megnis á bíl. Þrátt fyrir mjög góða hjólastíga höfum við áhyggjur af því að barnafjölskyldur muni koma og fara akandi.

Ef leikskólinn væri t.a.m. smærri í sniðum, myndi hann frekar þjóna sínu nærumhverfi. Við viljum hvetja til uppbyggingar á leikskólum í fleiri hverfum í smærri einingum og stuðla þannig að vistvænum ferðamáta. Til samanburðar er staðsetning og stærð Kvistaborgar í Kvistalandi og Furuskógar, sem er skipt upp í tvær litlar einingar, annars vegar í Álandi og hins vegar við Efstaland. Stórar hagkvæmar einingar eiga ekki að vera ráðandi hugarfar þegar kemur að leikskólamálum.

Að því sögðu, krefjumst við þess að fylgst sé með umferð akandi þegar leikskólinn tekur til starfa og ráðstafanir gerðar ef umferðin er umfram það sem bílagatan annar.

Skynsamleg nálgun væri því að byrja smátt með t.d. 50 barna deild fyrsta árið og fylgjast með umsóknum barna, hvort þær séu að koma langt að úr öðrum hverfum.

Upplifun okkar er sú að hér sé verið að leysa tímabundin vanda vegna myglumála og barnafjölda vestan Elliðaár með einu pennastriki í Fossvogi.

Virðingarfyllst, 6. Júní 2023

Marteinn Briem

Kjarrvegi 9



12

Olga Dobrorodnaya

Umsögn birt **28.08.2025**

Samgöngur á svæðinu bjóða ekki upp á 150 foreldra að keyra að og frá leikskólanum. Ég væri til að sjá planið um nýjar samgöngur.

Einnig væri ég til að sjá tölfræði um 150 börn sem þurfa nýjan leikskóla á 150 börn í okkar hverfi.

Bestar kveðjur,
Olga Kjarrvegur 13

Sigurður Árnason

Umsögn birt **28.08.2025**

Ég vil lýsa yfir áhyggjum vegna stærðar þess leikskóla sem á að rísa á Fossvogsvegi skv tillögum. Það er ljóst að 150 barna leikskóla fylgir óhjákvæmilega mikil bílaumferð enda ljóst að starfsemin muni þurfa að þjóna börnum og fjölskyldum annarra hverfa. Infrastrúktur gatnakerfisins að fyrirhuguðum leikskóla er illa til þess fallinn að sinna þeirri stórauknu umferð sem starfseminni mun fylgja. Hér eru skólabörn og gangandi vegfarendur nú þegar í hættu, þrátt fyrir litla umferð.

Hvernig Reykjavíkurborg sér fyrir sér að umferð og aðkoma að leikskólanum verði komið fyrir á öruggan hátt er á engan veginn ljóst. 150 barna leikskóli ofan í Fossvogsdal þar sem er takmörkuð umferðarýmd rímar illa við núgildandi skipulag hverfis og gatnakerfis.

Ég tel það sjálfsagða kröfu okkar íbúa hér í nærumhverfi fyrirhugaðs leikskóla að fá nánari skýringar á ástæðu þess að svo stór leikskóli sem sinna eigi fjölskyldum úr fjærumhverfi eigi að rísa hér ofan í dalnum og hvernig öryggi íbúa verði tryggt. Hér hefur fólk valið sér búsetu fyrir fjölskyldu sína og börn í rólegu umhverfi sem virðist mjög illa í stakk búið að taka við þeirri gagngeru breytingu sem fyrirhuguð er.

Virðingarfyllt,
Sigurður Árnason
Kjarrvegi 10

Sigurjón Mýrdal

Umsögn birt **28.08.2025**

Við hjónin höfum búið á Kjarrvegi 15 síðan 1980 og vel farið um okkur, nema að síðustu ár hafa byggingaframkvæmdir við stórt raðhús 8+ á Fossvogsvegi, við útkeyrslu á Kjarrvegi (sem hefur tekið óratíma), truflað daglegt líf okkar mikið og skapar stöðuga slysaættu.

Nú þegar bygging á stórum leikskóla stendur fyrir dyrum viljum við biðja skilulagsyfirvöld að staldra við og hlusta á íbúa hverfisins. Við tökum heilshugar undir athugasemdir nágranna okkar á þessum vef, t.d. Kristins K., Evu Bryndísar, Olgu D. og Ingibjargar Drafnar. Sérstaklega þarf að huga að börnunum í aukinni bílaumferð á Fossvogavegi. Þá er rétt að muna áætlanir um framkvæmdir á Borgarspítalareit fyrir ofan hverfið okkar á svipuðum tíma.

María Sophusdóttir og Sigurjón Mýrdal



Reykjavík, 16. september 2025
USK25060327

Fossvogsblettur 2-2A - Breyting á deiliskipulagi – Svör við athugasemdum

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-2A við Fossvogsblett. Í breytingunni sem lögð er til felst að reitur fyrir tímabundinn leikskóla er tekinn út og afmörkun byggingarreits breytt fyrir nýjan 150 barna leiksóla, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 27. júní 2025. Tillagan var grenndarkynnt frá 30. júlí 2025 til og með 28. ágúst 2025. Athugasemdir bárust. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. september 2025 og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Breytt deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Fossvogsbletti 2-2A borgarhluta 5. Háaleiti - Bústaðir og er hluti af opnu svæði OP24.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Deiliskipulag leikskólalóðar (Ævintýraborgir) á Fossvogsbletti 2-2A, samþykkt í borgarráði 12. október 2023 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Ath. Evu Bryndísar Helgadóttur, dags. 27. ágúst 2025
2. Ath. Kristins Kristinssonar, dags. 28. ágúst 2025
3. Ath. Ingibjargar Drafnar Friðriksdóttur, dags. 28. ágúst 2025
4. Ath. Olgu Dobrorodnaya, dags. 28. ágúst 2025
5. Ath. Margrétar Sturludóttur, dags. 28. ágúst 2025
6. Ath. Guðleifar Fríðar Sigurjónsdóttur, dags. 28. ágúst 2025
7. Ath. Sigurjóns Mýrdal, dags. 28. ágúst 2025
8. Ath. Sigurðar Árnasonar, dags. 28. ágúst 2025
9. Ath. Hildar Friðriksdóttur, dags. 28. ágúst 2025
10. Ath. Guðrúnar Matthildar Benediktsdóttur, dags. 28. ágúst 2025
11. Ath. Jóhannesar Alberts Sævarssonar, dags. 28. ágúst 2025
12. Ath. Marteins Briem, dags. 28. ágúst 2025
13. Ath. Baldvins Þórs Bergssonar og Margrétar Skúladóttur, dags. 28. ágúst 2025



Reykjavík



Margar athugasemdir sem komu fram taka ekki tillit til þess að einungis er verið að breyta gildandi deiliskipulagi. Gildandi deiliskipulag var auglýst fyrir samþykkt þess í borgarráði Reykjavíkur 12. október 2023. Mörgum þeim atriðum og áhyggjum sem hér koma fram svarað í því ferli og eru aðgengilegar á skipulags-gáttinni undir máli nr. 440/2023 „Fossvogsblettur 2-2A – Ævintýraborgir“.

Núverandi breyting á deiliskipulagi fellir þá úr gildi heimild fyrir ævintýraborgum á reitnum og lækkar byggingu leikskólans um eina hæð um leið og byggingarreit er breytt og hann stækkaður. Ekki er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni og engar breyttar forsendur frá áðurgerðu deiliskipulagi. Þær breytingar sem eru á skipulaginu ættu því að teljast jákvæðar til grenndaráhrifa.

Samantekt athugasemda og svara:

Stærð og staðsetning leikskóla og umferðaraukning vegna hans (ath. #1, #2, #3, #4, #5, #6, #7, #8, #9, #10, #11, #12 og #13)

Athugasemdir:

Allar athugasemdir sem bárust gagnrýna stærð og umfang leikskólans sem reisa á með tilliti til þarfar innan hverfis, staðsetningar innan hverfissins og þá sérstaklega vegna aukinnar umferðar sem fylgir leikskólanum. Gagnrýnt er að aukin umferð vegna leikskólans geti valdið hættu fyrir gangandi vegfarendur innan hverfisins sem þveri göturnar sem keyrðar eru til að komast að leikskólanum.

Svör:

Sem fyrr segir er um að ræða breytingu á áðurgerðu deiliskipulagi sem liggur fyrir með sama leikskóla. Stærð leikskólans og staðsetning byggð á mati skrifstofu framkvæmda og viðhalds fyrir gerð fyrra deiliskipulags og forsendur ekki breyst að verulegu ráði frá gerð þess. Til viðbótar er áætlun Reykjavíkurborgar að uppbyggingu leikskólarýma til að geta boðið upp á vistun barna niður í 12 mánaða aldur með aðgerðaráætluninni Brúum bilið enn í vinnslu frá samþykkt hennar 2018 og því enn þörf á leikskólaplássum í nærumhverfi leikskólans. Við gerð fyrra deiliskipulags var gert samgöngumat af Verkís „Fossvogsblettur 2 og 2A samgöngumat“ vegna áhrifa leikskólans á veg og stígakerfið umhverfis hann og bílastæðapörf vegna tilkomu hans. Þar er mælt með því að fylgst verði með þróun umferðarhraða og svara með aðgerðum verði umferðarhraði of mikill en áætluð umferð um götuna er þá talin vel undir viðmiðum um afkastagetu götunnar. Samgöngumatið gerir þá einnig áætlun fyrir bílastæðapörf við leikskólann og er deiliskipulagið í samræmi við þá útreikninga.

Mönnun leikskólans (ath. #12)

Athugasemdir:

Bent er á að börn í leikskólum hverfisins hafi verið send heim sökum fáliðunnar leikskólanna undanfarið og áhyggjur eru af mönnun leikskólans.

Svör:

Ekki er tekið á mönnun leikskóla við deiliskipulagsgerð.



Vegna ónæðis á framkvæmdartíma (ath. #7 og #10)

Athugasemdir:

Áhyggjur nágranna er af ónæði á framkvæmdartíma og bent á að mikið sé búið að bera á ónæði vegna framkvæmda við nýreist hús við Fossvogsveg 8-36.

Svör:

Í skipulagi er gerð grein fyrir því hvers konar framkvæmdum er stefnt að og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Í byggingarleyfi aftur á móti tekin afstaða til brunaöryggis, aðgengismála og atriða sem varða hávaða og ónæði, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í gildi er samþykkt borgarráðs frá 1. september 1998 sem kveður á um að utanhúss- og lóðarfrágangi skuli vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Framkvæmdum mun ávallt fylgja eitthvert rask á meðan þær standa yfir en framkvæmdaaðili þarf að uppfylla kröfur um öryggi á vinnusvæði á grundvelli byggingarreglugerðar og einnig þeim kröfum sem vinnueftirlitið setur honum. Lóðarhafi skal einnig haga öllum framkvæmdum þannig að þær valdi sem allra minnstu ónæði í nálægri íbúðabyggð sbr. kröfur reglugerðar um hávaða nr. 724/2008; töflu IV fyrir mörk fyrir hávaða frá framkvæmdum. Háværar framkvæmdir fari einungis fram á tímanum frá kl. 7:00 til 21:00 virka daga og kl. 10:00 til 19:00 um helgar sem og á almennum frídögum.

Byggingarmagn miðað við nálægða byggð og ágangur á græn svæði (ath. #9)

Athugasemdir:

Borin er saman uppbyggingaráform við nálægða byggð og byggingarmagn borið saman við nálægar lóðir. Þá eru einnig áhyggjur af því að gengið sé á skilgreint grænt svæði þar sem leikskólinn er áætlaður.

Svör:

Áætlað byggingarmagn á lóð leikskólans er með nýtingarhlutfall lóðar upp á 0,24, sem er nokkuð undir því sem gengur og gerist í nágreninu. Breyting þess að byggingin sé á einni hæð í stað tveggja gerir það að verkum að hún mun vissulega taka meira pláss á lóð en sé hún á tveimur hæðum. Þá kemur á móti að byggingin er þá með betri tengingu við garð og náttúru fyrir börnin sem sækja leikskólann. Með breytingu sem um ræðir á deiliskipulagi er þá bætt við hverfisvernd á grenitré innan lóðar en þó er gengið á trjágróður svæðisins með uppbyggingu sem er miður. Starfsemi leikskóla samræmist þá svæðisnotkun lóðarinnar samkvæmt aðalskipulagi og kostur að leikskóli sé með góð tengsl við útiveru og náttúru í nærumhverfinu.



Reykjavík



Gagnrýni á grenndarkynningu og úrtak (ath. #2, #12 og #13)

Athugasemdir:

Gagnrýnt er úrtak til grenndarkynningar og talið að frekar hefði átt að kynna breytingar til allra íbúa í grennd við leikskólann. Vísað er til fyrri afgreiðslu deiliskipulagskynningar og áhrifa annarra íbúa vegna umferðar. Beiting grenndarkynningu vegna breytinga er þá einnig gangrýnd og talin þröngt túlkuð svo að íbúar fái ekki umsögn sem þó verði fyrir áhrifum framkvæmda.

Svör:

Breytingar sem fóru í grenndarkynningu eru breytingar á þegar gerðu og samþykktu skipulagi sem var auglýst 26. júlí til og með 7. september 2023 og samþykkt í borgarráði 12. október 2023. Breytingarnar sem eru gerðar í núverandi breytingartillögu eru taldar vera innan þeirra marka sem gilda fyrir óverulegar breytingar á deiliskipulagi sem kemur fram í 5.8.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Þá ættu áhrif breytinga að minnka grenndaráhrif nálægðar byggðar með lækkun bygginga og brotthvarfs tímabundins leikskóla af skipulagi. Breytingarnar víkja ekki frá notkun eða nýtingarhlutfalli og breytingar á útliti eða formi frá áður gerðu skipulagi eru ekki taldar verulegar þar sem breytingin felst þá helst í breyttum byggingarreit. Úrtakið sem valið var fyrir grenndarkynningu var þá valið rúmlega, þar sem ekki allar lóðir liggja að deiliskipulagsbreytingum.

Niðurstaða

- Lagt er til að Breyting á deiliskipulagi fyrir Fossvogsblett 2 og 2A, leikskólalóð sé samþykkt eins og hún er á uppdráttum frá Landsmótun dags. 27. júní 2025.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ágúst Skorri Sigurðsson
verkefnastjóri



Reykjavík